



CEDEFOP

European Centre
for the Development
of Vocational Training



Education and Culture DG
Lifelong Learning Programme

IS

UPPLÝSINGAR FYRIR
AÐILA VINNUMARKAÐARINS

STUDYVISITS

<http://studyvisits.cedefop.europa.eu>



GO

SEE

UNDERSTAND



Tekur þú þátt í stefnumótun um starfsmenntun og starfsþjálfun?

Hefur þú áhuga á að kynna þér menntun og starfsþjálfun annars staðar í Evrópu ?



NÁMSHEIMSÓKNIR !

til Evrópu eru áhugaverður kostur ●

Áætlun um námsheimsóknir er fyrir stefnumótendur, þá sem taka ákvarðanir og sérfræðinga á sviði menntunar og almennrar starfsþjálfunar. Áætlunin felst í því, að boðið er í 3-5 daga námsheimsóknir til 31 Evrópuríkis, þar sem menntun er kynnt út frá fyrirfram ákveðnum sjónarhóli. Árangursríkar og stefnumótandi aðgerðir eru kynntar ásamt sýnishornum af góðri framkvæmd í öðrum ríkjum. Þá gefst einnig kostur á því að hitta starfssystkini hvaðanæva að í Evrópu. Námsheimsóknir eru góður vettvangur til að mynda ný tengslanet til framtíðar.

Hverjir geta sótt um?

Fulltrúar launþegasamtaka og vinnuveitenda geta tekið þátt í námsheimsóknum. Einnig geta stjórnendur og umsjónarmenn þjálfunar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, verslunarstjórar, fulltrúar verslunar- og viðskiptaráða þátttökuríkja, stjórnendur í starfsmenntun, hvort heldur hún er einkarekin eða opinber, tekið þátt.

Hvaða svið er hægt að kynna sér?

- Framfarir hvað varðar aðgang, jafnræði, gæði og skilvirkni í menntun og þjálfun;
- Menntun og þjálfun sem miðar að því að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði;
- Framkvæmd sameiginlegra evrópskra staðla, meginreglna og ramma fyrir símenntun;
- Stefnumótun og viðfangsefni í stefnumótun símenntunar.

Hvert er hægt að fara?

Boðið er upp á námsheimsóknir í 27 aðildarríkjum ESB, á Íslandi, í Liechtenstein, Noregi og Tyrklandi.

Kostnaður?

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB veitir styrki til námsheimsókna, reiknað er með styrkur nægi fyrir ferð og uppihaldi að mestu.

Hvernig er sótt um?

Fylla þarf út eyðublað á netinu og senda útprentun af því til Landsskrifstofu Menntaáætlunarinnar.

Hvaða tungumál er talað í námsheimsóknum?

Boðið er upp á námsferðir á ensku, frönsku, þýsku og spænsku.

<http://studyvisits.cedefop.europa.eu>